

Mánudaginn, 22. febrúar 2021, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar. Var fundurinn haldinn í gegnum Zoom fjarfundarbúnað.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þóra M. Lúthersdóttir, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Sigurður Rúnar Magnússon, fulltrúi foreldra, Kristín Jóna Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. *Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá.*

2. Skólastarfið:

- a. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, fór yfir helstu verkefni í skólastarfi.*

- i. *Greindi hún meðal annars frá teymiskennslu og fyrirkomulagi hennar, að skólinn hafi keypt aðgang að kynfræðslu efni hjá Pörupiltum semer fræðsla fyrir nemendur í 9. og 10. bekk, samkennslu með Blönduskóla í íþróttum, árshátíð var með breyttu sniði en leiksýningar voru teknar upp og foreldrar fengu aðgang að upptökunni, skíðaferð nemendur 8 til 10 bekkjar fór í skíðaferð á skíðasvæði Tindastóls nú í febrúar feðgarnir Ingbór og Jóhann Helgi gáfu aksturinn sem styrk til nemenda. Skíðaferð 5.-7. bekkjar verður í mars.*
- ii. *Ekki verður farið til Danmerkur nú í vor, heldur verður farið næsta ári. Ferðast verðu innanlands í ár.*
- iii. *Sameiginleg verkefni með skólunum í Húnavatnssýslum eins og Íþróttadagur, upplestrarkeppni, miðstigsleikar og valgreinanámskeið falla niður nú í vor. Hið árlega Bingó Húnavallaskóla fellur einnig niður.*
 1. *Ekki er ljóst hvort framhald verður á valgreinahelgum þar sem Grunnskólinn í Húnaþingi vestra hefur dregið sig út úr verkefninu næsta skólaár.*
- iv. *Skólastjóri greindi frá starfsmannamálum í leik og grunnskóla. Um áramót var ráðinn starfsmaður á leikskóla tímabundið og í starf skólalíða tímabundið vegna veikinda.*
- v. *Sameiginleg Facebook síða hefur verið útbúin fyrir leik og grunnskóla*
- vi. *Vinna er hafin við að sameina heimasíður leik og grunnskóla í eina síðu, hunavallaskoli.is*
- vii. *Talsverðar spurningar voru um sameiginlega íþróttatíma á Blönduósi.*
- viii. *Spurt var um teymisvinnu, skólastjóri og Kristín Jóna svöruðu fyrirspuninum og fóru í gegnum skipulag teymisvinnu.*

3. Stytting vinnutíma:

- a. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, greindi frá þeirri vinnu sem farið hefur farið fram vegna styttingu vinnutímans í leiks- og grunnskóla.*

4. Næsta skólaár:

- a. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, greindi frá þróunarverkefni sem unnið verður með næsta skóla ári hjá öllum skólum í austur Húnavatnssýslu ef styrkur fæst frá sprotasjóði. Verkefnið hefur það að markmiði að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélags en í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna.*

5. Önnur mál:

- a. *Spurt var um mötuneyti.*
- i. *Sveitarstjóri og skólastjóri svöruðu fyrirspurninni.*
- b. *Fulltrúi foreldrafélagsins, greindi frá því að verið er að vinna að því, í samvinnu við nemendur, að fá peysur merktar skólanum. Einnig er verið að skoða það að fá ljósmyndara í skólann til að taka bekkjar- og einstaklingsmyndir.*

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:40

Sveitarstjóra falið að ganga frá fundargerð, fundargerð undirrituð seinna.

Brynjólfur Friðriksson

Þóra M. Lúthersdóttir

Jóhann Hólmar Ragnarsson

Kristín Rós Sigurðardóttir

Erla Gunnarsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Sigríður Aadnegard

Einar Kristján Jónsson

Sigurður Rúnar Magnússon